

2. Fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 17.01.'89 kl 16,00.

Mættir voru undirritaðir

1. Minning Jóns Pálssonar, dýralæknis, Kári minntist Jóns, en hann var einn af hvatamönnum að stofnun L.H., og sat stofnfund samtakanna. Hann var heiðursfélagi.

2. Formaður minntist einnig Þorgeirs Jónssonar í Gufunesi, en hann var mikill frumkvöðull i hestaíþróttum, kappreiðum og hrossarækt í áratugi.

Fundarmenn risu úr sætum og vottuðu hinum látnu virðingu sína.

3. Sala á bókinni "í morgunljómann" saga L.H. í 35 ár. Sala hennar hefur ekki gengið sem skyldi og ljóst er að gera þarf átak til að auka sölu bókarinnar. Hvatti formaður fundarmenn til að liggja ekki á liði sinu í þessu málí og e.t.v. mætti hugsa sér að fá Steinþór Gestsson til að árita bókina.

4. "í byggð milli bæja" og "Afangar". Mættur var til fundarisen Ólafur B. Schram. Formaður flutti inngang en gaf síðan Ólafi orðið. Hann hefur verið að vinna að því að merkja reiðleiðir og afla upplýsinga um áningar og næturstaði. Er þetta verk komið áleiðis. Auk þess fylgir stutt leiðarlýsing. Átlunin er að gefa út 4 landshlutakort fyrir vorið. Ólafur telur að sala kortanna standi undir prentun. Þá gerir Ólafur ráð fyrir að þessu fylgi tilvisanir í skrif um ákveðnar leiðir á Hestinum Okkar eða Aföngum.

Frekari skrif i Afanga bar á góma. Hefur verið í undirbúnungi að gefa út bækur um Suðurland og Vesturland. Eru skrif komin eitthvað áleiðis.

Ólafur spurði um stefnu samtakanna í ferðamálum. Kári svaraði því að hún fælist einkum í því að hafa reiðleiðir greiðar í byggð og á mörkum byggðar og óbyggðar og stuðla að því að hestamenn gangi vel um landið. Sigurður Hallmarsson tók undir þetta og tók jafnframt fram, að hann teldi nauðsyn á því að frumkvæði komi frá samtökunum á þessu svíði og hér gæti verið spurning um að verða á undan eða undir. Ólafur taldi að samráð þyrfti að hafa við ýmis útvistarsamtök og sveitarstjórnir og óskaði eftir fulltingi stjórnar ef þurfa þykir. Ólafur fékk jafnframt umboð stjórnar til að vinna að málinu áfram í þeim anda, sem verið hefur. Samstarfsmenn Ólafs verða Þór Guðmundsson og Bjarni Hólm Frimannsson.

5. Umsóknir um áningaráhólf. Umsókn hefur birst frá hestamannafélaginu Glæsi á Siglufirði og Svaða í Skagafirði. Formaður tók fram að umsókn hefði komið frá þessum félögum áður en þó hefði ekki orðið að

framkvæmdum. Þá bar hann fram tillögu um, að veita fé

úr sjóðnum í Skógarhóla.

Nokkrar umræður urðu um áningarsjóðinn og hlutverk hans. Umsóknin var samþykkt til Svaða og Glæsis að hámarki 50.000 kr., þegar framkvæmdum er lokið.

Formaður bar fram tillögu um að veita 180.000 kr í Skógarhóla úr áningarsjóðnum. Samþykkt.

6. Út frá þessu spunnust umræður um uppbyggingu Skógarhóla. Fram hefur komið hugmynd um, að koma á laggirnar sérstakri nefnd, sem beitti sér fyrir ýmsum verkefnum á staðnum. Hjalti útskýrði málíð og gat þess, að Baldur Jónsson, fyrrv. vallarstjóri hefði komið til álita sem formaður og hefur hann tekið all vel í það. Fundarmenn voru sammála um, að Skógarhólar væru afar mikils virði fyrir hestamenn.
7. Bikarar sambandsins. Hjalti kynnti málíð. Hann hafði fengið fyrrv. formann til að gera skrá yfir bikara í eigu sambandsins og hvar þeir eru niður komnir. Þetta kemur til út að því að hann hafði rekist á bikar gefinn af Fáki til verðlauna i 800 m hlaupi í drasli á skrifstofunni og var hans hlutverki lokið skv. spipulagsskrá. Hjalti kom með þá hugmynd að koma bikurum fyrir til sýnis almenningi t.d. í Bændahöllinni. Um þetta urðu allmiklar umræður.
8. Heimsóknir til félaga. Formaður taldi þörf á því að fara í heimsóknir til félaga. Stjórnin þarf að gera sér grein fyrir fundarefni og skiptingu niður á stjórnarmenn. Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag funda og spurning um að sameina félög um fundi eftir efnum og ástæðum. Formaður og framkvæmdarstjórn munu gera áætlun um heimsóknir, sem stjórnarmenn geta farið i eftir því, sem þeir eiga heimangengt.
9. Ritnefnd "Hestsins Okkar". Formaður gerði að tillögu sinni að núverandi ritnefnd yrði endurkjörin fyrir árið '89. Nokkrar umræður urðu um efni blaðsins og útgáfu. Tillaga formanns samþykkt.
10. Önnur blaðaútgáfa. Í undirbúningi hefur verið útgáfa aukablaðs á vegum L.H. sem borið verður uppi af auglysingum. Átlunin er, að megin efni balðsins fjalli um ferðamál og landvernd. Eiríkur Jónsson blm. hefur tekið að sér að safna efni. Hjalti útskýrði málíð nánar. Kostnaður verður ca. 700.000 og tekjur ca. 1 millj. til 1,1. Verður blaðið 24 bls. í dagblaðsbroti. Hjalti taldi mikilvægt að vel væri til þessa vandað og boðskapur blaðsins komist til skila svo sómi er að. Sigurður taldi að svona útbreiðsla málefna hestamanna, eins og fyrirhugun er, væri nauðsynleg og gæti orðið

starfinu lyftistöng.

Jón Bergsson taldi sjónvarpið vettvang sem ætti að stuðla að að nýta betur. Hjalti minntist á að vert væri að gefa því gaum, að gera sjónvarpsþátt í tilefni 40 ára afmælisins.

Kristbjörg varpaði fram hugmyndum um blaðamannafundi til að kynna það sem verður á döfinni á hverjum tima. Gunnar gerði kostnað við blaðið að umtalsefní, sem honum fannst hár og spurðu jafnframt um útlit. Hjalti svaraði þessu. Nokkrar umræður urðu um málið.

11. Áskulýðsfulltrúi Kári upplýsti, að Kolbrún Kristjánsdóttir hefði gefið kost á sér til starfsins áfram. Rakti hann síðan ýmislegt, sem er á döfinni varðandi þetta starf. Hann tók fram að gera þarf nánari samning við hana, en var i fyrra. Þá kom það fram, að menntamálaráðuneytið hefur samþykkt hestamensku, sem valfag í 9. bekk grunnskóla. Þá kom það einnig fram að íþróttakennaraskólinn hefur farið fram á námskeið fyrir sína nemendur í Reiðhöllinni til að kynna þeim þessa tegund íþróttu.
12. Málefni Reiðhallar. Formðaur gerði að tillögu sinni, að Kristbjörg sæti í syningarráði. Þá urður umræður um stjórnarmann i Reiðhöllinni, en Gisli B. Björnsson hefur ákveðið að hætta. Heyrst hefur um fjárveitingu til L.H. vegna Reiðhallar frá Alþingi, sem mun vera tilkomin fyrir atbeina Olafs Pórðarssonar alþpm.
13. Gunnar vakti málss á því, að stjórnin færi að huga að 40 ára afmælinu, sem verður í haust. Hjalti kom með þá hugmynd að efna til fjöldvakningar eins og útreiðatúrs ákveðinn dag í sumar til að halda upp á þetta. Meginmálið yrði að slikt yrði á vegum allra félaga.
14. Elisabet Þorólfssdóttir spurði um mál Eyfirðinga.

Kári og Sigurður hafa rætt við menn og kannað jarðveginn og skýrðu þeir það nokkuð.

15. Formaður las jólakveðju frá fyrrverandi formanni.

Fundi slitið kl. 17.45
Guðmundur Jónsson, fundarritari

Kári Arnórsson
Kristbjörg Eyvindsdóttir
Elisabet P. Þorólfssdóttir
Hjalti Pálsson
Gunnar B. Gunnarsson
Jón Bergsson
Halldór Arnason